

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 468/2014, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. E-liður orðast svo:

Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem tilgreint er í a–d-liðum. Framlag vegna breytinga og endurbóta má nema allt að 50% kostnaðar vegna hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma, þjónustumiðstöðva aldraðra, dagdvala, dvalarrýma og sambýla enda sé kostnaður innan eðlilegra marka.

b. F-liður orðast svo:

Stærri viðhaldsverkefna vegna húsnæðis sem tilgreint er í b–d-liðum. Minniháttar viðhald greiðist samkvæmt reglugerð ráðherra um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, öðlast þegar gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 8. janúar 2026.

Inga Sæland.

Ásgeir Runólfsson.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026